

5691100

Ritstjórn: ritstjorn@mbi.is  
Auglýsingar: augl@mbi.is  
Áskrift: askrifj@mbi.is | sími 5691100  
mbi.is: netfrett@mbi.is



# Morgunblaðið

FÖSTUDAGUR 22. JANÚAR 22. DAGUR ÁRSINS 2016

## MEST LESIÐ Á mbl.is

1. Tæknimenn fundu mun í hljóð ...
2. Abba á sviðinu
3. Sýrlensku börnin léku sér í snjó
4. Heiða Rún geislaði á rauða ...

## „Frábært að kynnast þessu flotta fagfólki“

### ● Hin pólskættaða Agnieszka Sosnowska, kennari á Fljótisdalshéraði, sigraði í ljósmyndarýni í Reykjavík

Þórunn Kristjánsdóttir  
thorunn@mbi.is

„Þetta kom mér mikið á óvart. Ég bjóst alls ekki við þessu,“ segir hinn pólskættaði ljósmyndari Agnieszka Sosnowska hlæjandi. Hún varð hlutskörpust þátttakandi í ljósmyndarýni sem Borgarsögusafn Reykjavíkur stóð fyrir um síðustu helgi.

Í verðlaun var styrkur úr Míningarsjóði Magnúsar Ólafssonar ljósmyndara (1862-1937) að upphæð 400.000 kr. Ljósmyndarýnin var hluti af dagskrá Ljósmyndahátíðar Íslands og var þetta í þriðja sinn sem úthlutað var úr minningarsjóði Magnúsar en hann er sá eini sem styrkir ljósmyndun á Íslandi sem listgrein.

Ljósmyndarýnin fer fram með þeim hætti að þekktir ljósmyndarar frá Norðurlöndunum setjast niður með ljósmyndurum og saman rýna þeir í ljósmyndir þátttakenda, ræða styrkleika þeirra og veikleika.

„Þetta var frábært tækifæri að fá að kynnast öllu þessu flotta fagfólki. Fyrst þegar ég tók þátt í svona ljósmyndarýni óttaðist ég viðbrögð annarra. En svo áttaði ég mig á því að þetta fólk væri að vinna fyrir mig og myndi gefa mér góð ráð,“ segir Agnieszka. Hún viðurkennir að gera miklar kröfur til sín og verka sinna sem hefur vissulega kosti og galla. „Ég ætla núna að kíkja betur á þær myndir sem ég greymi heima,“ segir Agnieszka og bætir við að þær séu eflaust margar hverjar ekki svo slæmar.

Núna fyrst veltir hún því fyrir sér

að gefa myndir sínar út á ljósmynda-bók en hún hefur tekið myndir í ríflega 25 ár. Hingað til hefur hún lagt áherslu á að sýna myndirnar á ljósmyndasýningum. Agnieszka tekur helst sjálfmyndir og notast við plötuvél með stórrí bláafilmu.

#### Heillandi leiðsögumaður

Agnieszka hefur búið í 10 ár á bænum Kleppjárnsstöðum í Tungu á Austurlandi með eiginmanni sínum Rúnari Inga Hjartarsyni og kennir grunnskólanemum á öllum aldri í Brúarásskóla á Fljótisdalshéraði sem hún hefur stundum myndað.

Hún kyntist Rúnari þegar hún kom til landsins sem ferðamaður og hann var leiðsögumaður. „Þetta var góð ferð,“ segir Agnieszka og hlær dátt. Hún er ekki á leiðinni burt frá Íslandi því á Íslandi á hún heima. „Ég bjóst aldrei við því. Eins gaman og mér finnst að ferðast þá liður mér aldrei eins vel og þegar ég finn flugvélna lenda í Keflavík.“

Agnieszka fæddist í Varsjá í Póllandi en flutti á barnsaldr til Bandaríkjanna. Hún er með BFA í ljósmyndun frá Massachusetts College of Art and MFA frá Boston University. Verk Agnieszku hafa verið sýnd víða á Íslandi, í Póllandi og Bandaríkjunum. Síðastliðið sumar tók hún þátt í samsýningunni Verksummerki sem sýnd var í Ljósmyndasafni Reykjavíkur en sú sýning var hluti af dagskrá Listahátíðar. Agnieszka hefur einnig haldið einkasýningar, t.d. í Lancaster Museum of Art í Pennsylvaníu og Pleiades Gallery of Art í New York.



Ljósmyndir/Agnieszka Sosnowska

#### Sjálfmynd Agnieszka Sosnowska innan um íslenska uppskeru.



Listræn Agnieszka að stíga upp úr heita pottinum við heimili sitt.

## FÓLK Í FRÉTTUM



Morgunblaðið/Stýrmir Kári

### Ljóðahátíðin Óvinir hefst í Iðno í kvöld

Óvinir nefnist ljóðahátíð sem hefur göngu sína í dag, samstarfsverkefni ljóðskálda sem vinna saman í þorum að gerð nýrra verka til upplestrar í Lundúnum og Reykjavík. Hátíðin mun varpa ljósi á það besta í íslenski og breski nútímaljóðlist og getu samstarfs til að draga saman skálda-samfélög og skapa ný og lifandi skáldverk, eins og skipuleggjendur lýsa því. Í kvöld fer fyrsti viðburður hennar fram í Iðno og munu skáld koma saman í þorum, m.a. Ásta Fanney Sigurðardóttir og Eiríkur Örn Norðdahl, Andri Snær Magnason og Arnar Freyr Frostason og Dagur Hjartarson og Soffía Bjarnadóttir. Annar viðburður hátíðarinnar fer fram í Vatnasafninu í Stykkishólmi 23. janúar og lokaviðburðurinn í Lundúnum í Rich Mix, 30. janúar.

### Jan Grarup ræðir við íslenska kollega sína

Einn kannasti fréttá- og heimilaljóðsmyndari samtímans, Daninn Jan Grarup, er staddur á landinu og heldur í dag kl. 17 fyrirlestur á vegum Bláaljóðsmyndarafélags Íslands, í sal Bláamannafélagsins.

Grarup hefur starfað við fagjöf aldardjórungu, meðal annars á dagblaðinu Politiken og á vegum umboðsskrifstofanna NOOR og Laif. Hann hefur unnið til fjölda verðlauna, meðal annars átta sinnum í World Press Photo og þar af þrisvar fyrstu verðlaun. Nýverið var sýndur á RÚV þáttur þar sem fylgst var með Grarup að störfum í Afríku.



## ÍÞRÓTTIR



### KR-ingar fóru illa með Haukana

Íslandsmeistarar KR-inga léku Hauka grátt þegar liðin áttust við í Dominos-deild karla í körfuknattleik í Frostaskjóluni í gærkvöld en KR vann 30 stiga sigur á Hafnarfjarðarliðinu. Þór Þorlákshöfn lagði Tindastól á útivelli í hörkuspennandi leik og Stjarnan og Grindavík höfðu betur gegn andstæðingum sínum. » 2-3

### Eiður Smári hafnaði tveimur liðum

Eiður Smári Guðjohnsen er ekki búinn að finna sér nýtt lið til að fara í með dögnum hafnaði hann tilboðum frá liðum í Asíu og Evrópu. „Það má ekki dragast miklu lengur að finna sér lið,“ sagði Eiður Smári við Morgunblaðið en hann ætlar sér að komast í landsliðshópin sem spilar á Evrópumótinu í Frakklandi í sumar. » 1



### Meiðist bara ef maður lendir á henni

„Hún er fánalega sterk. Ef maður er í sókn gegn henni og að hlaupa þá gefur hún þér bara mjóðina. Þú ert ekkert að fara fram hjá henni og þú vilt ekkert fá hana á móti þér. Maður meiðist bara ef maður lendir á henni,“ sagði Guðlaug Björt Júlíusdóttir körfuknattleikskona um Marínu Laufeyju Davíðsdóttur, samherja sinn hjá Keflavík, sem er leikmaður 17. umferðar hjá Morgunblaðinu. » 4

## VEÐUR



SPÁ KL. 12.00 Í DAG Austan 8-15 m/s og víða rigning, hvassast á annesjum, suðlægari og dregur úr rigningu í kvöld. Hiti 1 til 9 stig.

Á laugardag Suðvestan 10-18 m/s, hvassast vestast. Skúrir eða síydduél, en bjartvíðri NA-lands og hiti 0 til 5 stig.

Á sunnudag Sunnan- og suðaustan 13-20 m/s og rigning, en úrkomulítið fyrir norðan, hvassast SV-lands. Hiti 3 til 8 stig.

VEÐUR » 8



Skannaðu kóðann með símanum þínum og fylgstu með veðrinu á mbl.is

www.mbl.is